

Aðalfundur SSNE 9.-10. október 2020

Skýrsla stjórnar starfsárið 2019-2020

SSNE tók til starfa um liðin áramót með samruna Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Stjórn nýja félagsins tók til starfa í desember, en í henni sitja Hilda Jana Gísladóttir, formaður, Kristján Þór Magnússon, varaformaður, Eva Hrund Einaradóttir, Helga Helgadóttir, Axel Grettisson, Sigurður Guðmundsson og Þröstur Friðfinnsson – en hann tók við af Helga Héðinssyni í ágúst og vil ég nýta tækifærið og þakka Helga fyrir hönd stjórnar fyrir hans störf og framlag.

Fyrsti spretturinn.

Fyrsta verkefni stjórnar var að auglýsa eftir framkvæmdastjóra. 26 sóttu um stöðuna og að loknu ráðningarferli var gengið frá samningi við Eyþór Björnsson. Eyþór gegndi áður starfi Fiskistofustjóra. Hann er með B.Sc. gráðu í sjávarútvegsfræði, hefur lokið MBA námi og er með diplomu í opinberri stjórnsýslu. Eyþór tók að hluta strax til starfa samhliða því sem hann kláraði vinnu sína hjá Fiskistofu, en í mars var hann að fullu kominn til SSNE. Stjórn er ákaflega ánægð með störf framkvæmdastjóra og telur það mikinn feng að fá að nýta krafta hans. Þegar við horfum um öxl þá hefur ótrúlega mikið áunnist á þessum fyrstu mánuðum. Starfsfólk SSNE hefur staðið sig með eindæmum vel á tímum heimsfaraldurs og sameiningar.

Ég vil nýta tækifærið og kynna starfsfólk SSNE:

Eins og áður hefur komið fram er Eyþór Björnsson framkvæmdastjóri.

- Ari Páll Pálsson, verkefnastjóri.
- Baldvin Valdemarsson, sviðsstjóri atvinnu- og byggðapróunar.
- Charlotta Englund, verkefnastjóri Öxarfjarðar í sókn.
- Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri.
- Helga María Pétursdóttir, verkefnastjóri, sér um fjármál og rekstur.
- Karen Nótt Halldórsdóttir, verkefnastjóri Glæðum Grímsey.
- Nanna Steina Höskuldsdóttir, verkefnastjóri.
- Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Betri Bakkafjörður.
- Rebekka Kristín Garðarsdóttir, verkefnastjóri.
- Silja Jóhannesdóttir, verkefnastjóri.
- Vigdís Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri menningarmála.

Við erum lánsöm að hafa jafn öflugt lið og raun ber vitni sem vinnur af einurð fyrir hagsmuni okkar landshluta.

Fyrstu verkefni samtakanna hafa falist í fjölbreyttum verkefnum tengdum samrunanum, s.s. að gefa samtökunum nafn, gera lógó, merkja starfsstöðvar, ganga frá ráðningasamningum, yfirtaka verkefni eldri félaga, koma nýrri heimasíðu í loftið, samræma upplýsingakerfi, málaskrár og skjalavörslu, útfæra stafræna þjónustu og ferla, gera starfslýsingar, samþætta verkferla, gera viðbragðsáætlanir og skipurit, fara í stefnumótun, gera samskiptaáætlun, útfæra þjónustu á starfsstöðvum og innleiða samræmda verkefnastjórnun svo eitthvað sé nefnt.

Markmið og tilgangur.

Það er ekki úr vegi að minna okkur öll á markmið samtakanna, sem er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt landsvæði til búsetu og atvinnu. Stofnun SSNE byggir á: faglegum ávinningi, auknum slagkrafti, skilvirkari vinnu og auknum sóknarfærum til að auka fagþekkingu innan stoðstofnana á starfssvæðinu. SSNE á að vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra, stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu. Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf með því að: innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðaaætlun, gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaga utan starfssvæðis, vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögum sameiginleg innan starfssvæðis, stuðla að öflugri atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun, atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi, annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun sem nýtast hlutverki SSNE. Það er því sannarlega viðamikilið þjónustuhlutverk sem sveitarfélögin hafa falið SSNE.

Heimsfaraldur Covid-19.

Í samræmi við markmið og tilgang samtakanna, gaf það auga leið við upphaf heimsfaraldurs að SSNE myndi leggja áherslu á að þjónusta atvinnulíf og sveitarfélög á þessum krefjandi tímum og voru þau verkefni sett í forgang. Sérstök áhersla hefur verið lögð á upplýsingamiðlun, gagnaöflun og hagsmunabaráttu fyrir sveitarfélög og atvinnulíf.

Í apríl funduðum við tvívegis með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun og öðrum landshlutasamtökum þar sem ráðherra og ráðuneytið kynntu viðspyrnuúrræði ríkisins og ræddu málin. Í framhaldi af þeim fundum tók starfsfólk SSNE saman greinargerð um stöðu atvinnulífs í landshlutanum og hefur uppfært það skjal eftir því sem málin hafa þróast áfram. Þar eru einnig teknir saman tenglar á upplýsingasíður um viðbrögð og úrræði einstakra sveitarfélaga, stofnana og ríkisins. Greinargerðin var send sveitarfélögum, sveitarstjórum og þingmönnum kjördæmisins til upplýsinga og teljum við að hún hafi gagnast þegar taka þurfti ákvarðanir hratt og örugglega.

Starfsmenn, stjórn og sveitarstjórar hafa í kjölfar þessa fundað nokkuð reglulega með ýmsum aðilum s.s. Markaðsstofu Norðurlands, Nýsköpunarmiðstöð, Lánasjóði sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði svo eitthvað sé nefnt. Slíkt samtöl eru mjög verðmæt, auka skilning og kjarna sameiginlegar áskoranir og áherslur svæðisins. Það er mjög mikilvægt að SSNE haldi áfram að vera vettvangur fyrir slíkt samráð og samtal. Sá háttur mun almennt vera viðhafður að framkvæmdstjóri SSNE sendi fundarboð til sveitar- og bæjarstjóra, sem síðan meta í samráði við sína sveitar- og/eða bæjarstjórn hvort og hvenær kjörnir fulltrúar almennt mæta á slíka fundi. Rafrænir fundir hafa gefast vel, eru upplýsandi og gagnlegir. Fundirnir verða ekki síðri þó svo að fleiri mæti, sérstaklega þegar fundarstjóri er skeleggur, en þessum fundum hefur Eypór stýrt af miklum myndarbrag og iðulega verið ritaðar gagnlegar fundargerðir.

Áskorun til ríkisstjórnarinnar.

Í kjölfar úttektar á stöðunni og samráðs við sveitarfélög, samtök og stofnanir sendi SSNE ráðherrum ríkisstjórnarinnar erindi varðandi leiðir til viðspyrnu vegna Covid-19. Stjórn lagði til að sett yrði stórauikið fjármagn í sóknaráætlun Norðurlands eystra til að mæta þeim áskorunum sem við blöstu og blasa enn. Þau stóru og mikilvægu verkefni sem SSNE lagði til að yrði flýtt og

fjármögnuð með auknu fjármagni voru: uppbygging Akureyrarflugvallar, hjúkrunarheimili á Húsavík, ný heilsugæsla á Akureyri, átak í uppbyggingu innviða með uppbyggingu dreifikerfis raforku og 3. fasa rafmagni, legudeild við Sjúkrahúsið á Akureyri, endurbætur á jarðgögnum á Tröllaskaga, draga verulega úr fjöldatakmörkunum við Háskólann á Akureyri, vegur um Brekknaheiði, tengivegir og héraðsvegir, efri brú yfir Jökulsá á fjöllum og ljósleiðaratenging.

Ég held að mér sé óhætt að segja að ríkisvaldið hafi tekið vel í tillögur okkar og brugðust þau hratt og vel við í mörgum þessara þátta. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setti aukið fjármagn í sóknaráætlun og með skipulagsbreytingum gat SSNE einnig lagt til fjármagn. Í kjölfarið var farið í aukaúthlutun fyrir 42,1 m.kr. Þá eru mörg áðurnefnd stórverkefni á vegum ríkisins komin í farveg og tel ég ekki úr vegi að fagna því og þakka fyrir. Þó er alveg ljóst að við þurfum að halda áfram að vekja athygli á þeim sameiginlegu hagsmunamálum sem enn eru ekki komin í ferli.

Umboð.

Það er vert að nefna að þegar stjórn og starfsmenn SSNE eiga í samskiptum við ríkið og/eða aðra aðila, þá er sóknaráætlun okkar leiðarljós, sem og skilgreining á hlutverki og markmiði samtakanna. Vert er að taka fram að stjórnarmenn bera ábyrgð gagnvart þeim sveitarfélögum sem þeir sitja í stjórn fyrir og þegar þannig aðstæður skapast að stjórn telur rétt og eðlilegt að bregðast hratt við, þá eru stjórnarmenn meðvitaðir um að þeir sitja við borðið í umboði þeirra sveitarfélaga eða sveitarfélags og bera ábyrgð gagnvart þeim. Í þessu samhengi er vert að vekja sérstaka athygli á að samkvæmt samþykktum starfsreglum stjórnar kemur fram að „stjórnarmenn bera ábyrgð á því að tryggja markvissa og góða upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem þeir eru fulltrúar fyrir.“ Vilji fólk kynna sér nánar starfsreglur stjórnar, þá er þær að finna á heimasíðu félagsins.

Upplýsingamiðlun, gagnaöflun og samráð.

Stjórn SSNE hefur í samræmi við áherslur aðalfunda þeirra félaga sem runnu saman í SSNE, lagt ríka áherslu á góða, markvissa og vandaða upplýsingagjöf og samtal við hagaðila. Fyrsta fréttabréf samtakanna kom út í apríl og kemur það út mánaðarlega. Hægt er að skrá sig í áskrift af fréttabréfinu og er ekki úr vegi að mæla með því við alla sem hafa áhuga á stöfum samtakanna. Ný heimasíða leit dagsins ljós í maí og auk þess er SSNE virkt á samfélagsmiðlum, bæði Facebook og Instagram. Á liðnum vikum hafa stafsmenn SSNE fundað með kjörnum fulltrúum sveitarstjórna á svæðinu og hafa þeir fundir gefið góða raun.

Í kjölfar Covid, tók starfsfólk SSNE saman upplýsingasíðu miðaða að atvinnurekendum varðandi úrræði ríkis, sveitarfélaga og annarra stofnana til að koma til móts við þann rekstrarvanda sem skapast getur og hefur vegna Covid. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að vekja athygli á fjölbreyttum styrkjum og sjóðum sem standa til boða. Starfsmenn SSNE hafa lagt áherslu á að hitta aðila í atvinnulífinu eða heyra í þeim símleiðis með það að markmiði að koma á tengslum við þá auk þess að leiðbeina aðilum er varðar úrræði ríkisins og vera þeim til stuðnings í þeim efnum.

Stjórn hefur lagt áherslu á gerð 90 daga aðgerðaráætlunar og að framkvæmdastjóri leggi reglulega fram minnisblað á stjórnarfundum um stöðu verkefna. Þessi gögn frá framkvæmdastjóra eru birt í fundargerðum félagsins og því einfalt fyrir þá sem hafa áhuga á að

lesa þær að rýna í stöðuna og helstu verkefni sem verið er að sinna hjá samtökunum hverju sinni.

Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna hafa sitt hlutverk og hafa haldið nokkra sameiginlega fundi og tekið þátt í nokkrum stórum fundum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Menningarfulltrúar/verkefnastjórar menningarmála halda vikulega fundi til að bera saman bækur sínar og stilla saman strengi.

SSNE er almennt í góðum tengslum við önnur landshlutasamtök og hefur SSNE í samstarfi við þau staðið að íbúakönnun landshlutanna sem nú er í gangi um land allt. Slík könnun nýtist til að meta og hafa yfirlit með raunverulegri stöðu auk þess sem niðurstöðurnar geta nýst þegar horft er til þess hvaða áherslur eiga að vera fyrir hendi og hver forgangsörðunin skuli vera.

Covid hefur sett strik í alls konar reikninga t.a.m. var ákveðið að fresta fyrsta ársþingi SSNE sem halda átti fyrir liðið sumar, en þá töldum við rétt eftir að hafa ráðfært okkur við sveitarstjórnir á svæðinu að fresta þinginu og freista þess að við gætum fundað í raunheimum á haustmánuðum. Svo varð þó því miður ekki eins og vera okkar hér í dag sýnir glögggt. Við horfum þó til þess að ársþingin fari með æðsta vald samtakanna og því mikilvægt að þau falli ekki niður aftur og munum við í framhaldinu frekar halda þingin rafrænt líkt og nú en að fella þau niður.

Sóknaráætlun.

Það skiptir miklu máli að hagaðilar rýni vel í sóknaráætlun og ættu áhugasamir ekki að hika við að koma með breytingatillögur sé talin þörf á því. Á ársþingum samtakanna er heimilt að leggja fram breytingatillögu við sóknaráætlun, enda fer ársþingið með æðsta vald samtakanna og sóknaráætlunin er leiðarvísirinn. Þar að auki getur ársþing ályktað um tiltekin mál, en þegar slíkt er gert veitir það stjórn og starfsmönnum heimild til að fylgja þeim málum eftir í nafni samtakanna.

Starfsáætlun SSNE 2020 fylgir með í gögnum fundarins en þar er sett fram yfirlit markmiða á sviði atvinnu- og byggðapróunar, atvinnuráðgjafar, nýsköpunar, upplýsingaöflunar og endurmenntunar. Sett eru fram 23 markmið sem hafa vísun í verkefni sóknaráætlunar, auk þess sem aðgerðir og árangursmælikvarðar eru skilgreindur. Framsetning á slíkri starfsáætlun er komin til að vera og vonandi náum við í framtíðinni að kynna starfsáætlun fyrir komandi ár í tæka tíð. Í næsta mánuði hefst gerð starfsáætlunar fyrir árið 2021 og verður hún birt á heimasíðu samtakanna.

Í febrúar var 76 m.kr. úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra en athöfnin fór fram í Mývatnssveit. Þá tók stjórn ákvörðun um áhersluverkefni fyrir árið 2020 í samræmi við sóknaráætlun, að upphæð 42 milljónum króna en verkefnin eru: Akureyrarflugvöllur, Eimur, Þróun og þekking – ný nálgun í stoðkerfi byggða, Borgarhlutverk Akureyrar, Þróun og ráðgjöf í menningarmálum og verkefnið Nýsköpun í norðri.

Tilkynnt var um aukaúthlutun sóknaráætlunar Norðurlands eystra í júní. Alls bárust 109 umsóknir og sótt var um styrki að fjárhæð 370 m.kr. Úthlutunarnefnd samþykkti 37 verkefni að fjárhæð 42,1 m.kr. á sviði nýsköpunar-, atvinnuþróunar-, menningar eða umhverfismála. Lögð var áhersla á verkefni sem gátu hafist sem fyrst og þóttu atvinnuskapandi. Úthlutunarferlið var einfaldað til muna þar sem saman komu fulltrúar fagráðs menningar, fagráðs atvinnuþróunar

og nýsköpunar og úthlutunarnefndar ásamt formanni stjórnar SSNE sem fóru yfir umsóknirnar í samvinnu við starfsfólk.

Í mars fóru fram vefnámskeið á vegum Þekkingarnets Þingeyinga og Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar um fjarfundamenningu, sem styrkt var úr sóknaráætlun. Meginmarkmiðið var að efla og auka notkun kjörinna fulltrúa á fjarfundum, auka þekkingu starfsmanna stjórnsýslunnar á notkun fjarfunda í daglegu starfi og gera sveitarfélögin á svæðinu betur í stakk búin til að innleiða störf án staðsetningar. Svo skall á heimsfaraldur og úr varð stærsta fjarfundamenningar námskeið veraldar sem leiddi til þess að nú er ýmislegt hægt sem áður þóttu fjarlægir draumar. Það veraldarnámskeið á líklega eftir að gagnast okkur óendanlega mikið við að yfirstíga fjarlægðir þegar fram í sækir, ef við nýtum tækifærið.

Í byrjun apríl fór fram vefráðstefna um stöðu og framtíð úrgangsmála á Norðurlandi. Ráðstefnan var lokahnykkurinn í stöfum starfshóps SSNE og SSNV sem með stuðningi úr sóknaráætlunum landhlutasamtakanna tveggja hafði það hlutverk að skoða framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi. Þó má segja að þeirri vinnu sé í raun ekki lokið, enn bíða margir eftir lagabreytingum á úrgangsmálum frá umhverfisráðherra áður en lengra er haldið. Hjá SSNE er verkefnishópur sem hefur það hlutverk að halda þessu mikilvæga verkefni gangandi.

Í maí tók SSNE þátt í samtali um Norðurslóðir ásamt utanríkisráðherra, starfshópi um efnahagsþróun á Norðurslóðum og Þingmannanefndar um endurskoðun norðurslóðastefnu Íslands. Sjónarmið svæðisins komust vel til skila en á fundinn mættu fulltrúar sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana á svæðinu. Þetta er í samræmi við sóknaráætlun sem leggur áherslu á Norðurslóðamál, en þar segir að hvetja eigi til nýsköpunar í norðurslóðamálum og að Akureyri verði miðstöð fyrir norðurslóðastarfsemi í landinu.

Nú er búið að opna fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð fyrir árið 2021 og hvet ég okkur öll til þess að koma því á framfæri í heimabyggð.

Byggðaáætlun og sóknaráætlun.

Byggðaáætlun, sóknaráætlunir, samstarf landshlutasamtaka og sveitarfélaga hafa skipt gríðarlega miklu máli fyrir þróun byggðamála í landinu. Nú stendur yfir endurskoðun á byggðaáætlun og er mikilvægt að sem flestir leggi lóð á vogarskálarnar í þeirri vinnu sem framundan er og mótar stefnu í byggðamálum á Íslandi til framtíðar. Til þess að við glöggvum okkur aðeins betur á byggðaáætlunum og skurðpunktum við sóknaráætlun þá vil ég nefna nokkur dæmi um verkefni SSNE tengd byggðaáætlun.

- Í maí var undirritaður samningur við umhverfis- og auðlindaráðherra um greiningu tækifæra og áhrifa friðslýstra svæða í Mývatnssveit. Verkefnið er tengt Nýsköpun í norðri sem er hluti af metnaðarfullum og framsýnum sameiningarviðræðum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, en sveitarstjórnir sveitarfélaganna hafa sett sér markmið um að nýtt sveitarfélag verði þekkt og eftirsótt fyrir frábært mannlíf og einstaka náttúru. Verkefnið Nýsköpun í norðri er eins og áður segir styrkt úr sóknaráætlun, en verkefnið er einnig í samræmi við lið C.9. í byggðaáætlun um náttúruvernd og eflingu byggða.
- Í júní fór fram styrkjaúthlutun í verkefnunum Brothættrar byggðir á Bakkafirði og Grímsey. Verkefnin falla undir lið C.2. í byggðaáætlun um brothætt byggðarlög. Að

Þessu sinni var 13,5 m.kr. úthlutað vegna verkefnisins „Betri Bakkafjörður“ til nýu samfélagsefandi verkefna. Meiri fjármunum var úthlutað en gengur og gerist í tengslum við átakaverkefni í Brothættum byggðum sem Alþingi samþykkti vegna veirufaraldursins. Í verkefninu „Glæðum Grímsey“ voru 10 verkefni styrkt, samtals 13,8 m.kr.

- SSNE vann að tveimur umsóknum um verkefni A.10. í byggðaaætlun, almenningssamgöngur um land allt. Markmiðið er að styðja við þróun almenningssamgangna sérstaklega frá byggðarlegum sjónarmiðum. Til ráðstöfunar voru allt að 32,5 m.kr. SSNE hlaut styrk til a skoða samlegð í farþega- og póstflutningum á Norðausturlandi, en unnin verður úttekt á því hvort slíkt fyrirkomulag geti virkað ásamt því hvað þyrfti til að það yrði rekstrarhæft og um leið aukið þjónustu við svæðið. Styrkurinn er að upphæð 2,8 m.kr. og er áætlað að niðurstaða liggi fyrir undir lok mars 2021.
- Í febrúar kom út skýrsla RHA um samstarf safna og ábyrgðasöfn á Norðurlandi eystra, en verkefnið er í samræmi við C.15. í byggðaaætlun Samstarf safna – ábyrgðasöfn.
- Í liðnum mánuði ákvað samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samvinnu við Akureyrarbæ og SSNE að skipa verkefnahóp um skilgreiningu á svæðisbundnu hlutverki Akureyrar. Hópurinn hefur það hlutverk að meta hvernig er hægt að haga samstarfi ríkis og sveitarfélaga um þau áhersluatriði sem fram koma annars vegar í byggðaaætlun, um sjálfbæra þróun byggða um allt land og að skilgreindir verði meginkjarnar í hverjum landshluta, og hins vegar sóknaráætlun, um borgarhlutverk Akureyrar. Fram kemur í erindisbréfi að mikilvægt sé að draga saman þær áskoranir sem Akureyrarbær sem stærsti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins stendur frammi fyrir, afla upplýsinga sem skipta máli í því samhengi og leiða saman lykilaðila til að ræða mögulega stefnumótun og aðgerðir til lengri og skemmri tíma. Í verkefnahópnum munu sitja formaður SSNE og bæjar- og sveitarstjórar Akureyrarbæjar, Fjallabyggðar og Norðurþings.

Landshlutasamtökin hafa töluvert þjónustuhlutverk við sveitarfélög, ríki og atvinnulíf. SSNE er oft falið að tilnefna fulltrúa í aðgerðarhópa og stjórnir, sem ýmist eru starfsmenn samtakanna eða kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna. Á þessum fyrstu mánuðum hefur SSNE t.a.m. tilnefnt fulltrúa í aðgerðarhóp um Akureyrarflugvöll, verkefnastjórn Landsnets vegna Blöndulínu 3, í skólanefnd VMA, samstarfshóp um listnám á háskólastigi, sveitarstjórnarvettvang EFTA, stjórn Markaðsstofu Norðurlands, stjórn Vistorku og Menningarfélagið Hof svo eitthvað sé nefnt. Stjórn hefur óskað eftir því að upplýsingar um alla slíka hópa og tilnefningar verði gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Að auki og í samræmi við verklagsreglur stjórnar skal nú taka upp það verkferli að gera erindisbréf, þar sem fram kemur hlutverk, ábyrgð, áætlaður fundarfjöldi, laun og annar áætlaður kostnaður. Þau erindisbréf munu verða birt á heimasíðu félagsins.

Að lokum.

Þó svo að tekist hafi að gera ansi margt á þessum fyrstu 10 mánuðum félagsins, samhliða heimsfaraldri, þá er ýmislegt eftir. Verið er að fara yfir húsnæðismál og horfa sérstaklega til þess hvort og hvernig hægt sé að koma starfi SSNE á Húsavík fyrir í nýju rými ásamt stofnunum

sem tengjast starfi samtakanna. Enn á eftir að klára útfærslu á starfsemi SSNE á Tröllaskaga, en framkvæmdastjóri hefur verið í viðræðum við bæjarstjóra Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar í þeim efnum. Starfsáætlun stjórnar 2021 er helst til tómlæg og í raun aðeins yfirlit á helstu verkefnum, en stjórn taldi æskilegt að ná a.m.k. einum aðalfundi hins nýja félags áður en starfsáætlun næsta árs yrði lögð fram með ítarlegum hætti, slíkt er þó fyrirhugað á rafrænu aukafundi í desember. Enn á eftir að taka meiri og betri umræðu um hlutverk fagraða sem í fyrsta sinn er verið að skipa í á þessu ársþingi eftir að hlutverki þeirra var breytt verulega frá því sem áður var. Verkefnin sem samtökunum var falið eru þó í farvegi og er bæði stjórn og starfsfólk samstíga í því að fylgja eftir ákvörðunum sem teknar voru í aðdraganda sameiningar sem og ákvörðunum ársþings samtakanna, ákvörðunum ykkar.

Við erum lögð af stað í nýja vegferð þar sem sameiginlegt markmið er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt landsvæði til búsetu og atvinnu. Við í stjórn höfum fulla trú á því að stigin hafi verið mikilvæg skref með stofnun SSNE og að við sem svæði höfum rík tækifæri til að vaxa og dafna.